

Fyrirspurn

til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra
um talningar á ferðamönnum.

Frá Orra Páli Jóhannssyni.

1. Hvaða aðilar sinna talningum á ferðamönnum og hvernig er háttáð framsetningu þeirra upplýsinga sem talningarnar gefa?
2. Hversu háum fjárhæðum hefur verið varið í talningar á ferðamönnum á undanförunum fimm árum og hver hefur hlutur hins opinbera verið í heildarupphæðinni?
3. Á hversu mörgum stöðum er talið allt árið eða hluta úr ári? Liggur fyrir mat á því hvort bæta þurfi við stöðum?
4. Hvernig eru upplýsingarnar notaðar við mótun aðgerða varðandi skipulag þjónustu við ferðamenn á landsvísu og uppbyggingu innviða og þjónustu á hverjum áfangastað?
5. Metur ráðherra það sem svo að talningarnar geti verið grundvöllur ítölu ferðamanna á ákveðnum ferðamannastöðum og ef svo er, eru einhver áform um aðgangsstýringu á grundvelli ítölu?

Skriflegt svar óskast.